



GRENIVÍKURSKÓLI

Starfslýsing fyrir skólaliða

1. Skólaliðar Grenivíkurskóla lúta verkstjórn skólastjóra. Þeir sjá um að halda húsnaði skólans hreinu svo sem kostur er en taka að auki þátt í því uppeldis- og umsjónarstarfi sem fer fram innan skólans að beinni kennslu undanskilinni.
2. Skólaliðar, sem aðrir starfsmenn skóla, eru bundnir þagnarskyldu um það sem verða áskynja um persónulega hagi og málefni nemenda og kennara og fjölskyldna þeirra. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Helstu verkefni skólaliða eru:

- Að taka á móti nemendum þegar þeir koma í skólann og líta til með þeim þegar þeir fara. Aðstoða þá ef með þarf að klæðast og afklæðast útifatnaði og ganga frá fötum sínum og skófatnaði.
- Að hafa umsjón með fötum og öðrum munum sem lenda óskilum.
- Að fylgjast með nemendum í frímínútum og öðrum hléum milli kennslustunda úti og inni, á göngum og í búningsklefum. Að aðstoða þá í leik og starfi og leiðbeina þeim í umgengni og samskiptum þeirra við aðra nemendur og starfsmenn skólans.
- Að hafa auga með nemendum sem lenda í eyðu, t.d. vegna forfalla kennara.
- Að veita fyrstu hjálp ef slyss eða óhöpp ber að höndum.
- Að gera húsverði viðvart um allar bilanir, sem vart verður við, og einnig ef efni eða áhöld vantar til ræstinga.
- Að aðstoða í mötuneyti og matsal í samvinnu við matráðskonur samkvæmt nánara samkomulagi.
- Að svara í síma á kennarastofu og taka skilaboð þegar kennarar eru uppteknir.
- Að vera kennurum innan handar við ýmis viðvik, s.s. að hengja upp myndir og færa til húsgögn og gæta nemenda inni í tíma ef kennari þarf nauðsynlega að bregða sér frá, t.d. í síma.
- Að sinna öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri felur þeim og fellur undir skólastarf án þess að vera kennsla.
- Að sjá um daglega ræstingu og halda hreinu og snyrtilegu húsnaði skólans og lóð samkvæmt nánari verklýsingu.